

# STARFSSKILYRÐI IÐNAÐAR

Sérít Samtaka iðnaðarins um efnahagsmál

1. tölublað 2. árg.

Desember 2011

Samtök iðnaðarins

## Svartsýni þrátt fyrir hagvöxt

### Aukin einkaneysla dregur vagninn

Landsframleiðsla jókst að raungildi um 3,7% á fyrstu þremur ársfjórðungum ársins frá sama tíma í fyrra. Sé eingöngu litið til þriðja ársfjórðungs mældist 4,8% hagvöxtur sem er mesti vöxtur landsframleiðslu á einum ársfjórðungi frá ársbyrjun 2008. Þyngst vegur mikil aukning einkaneyslu sem hefur aukist um 5,1% á einu ári en einkaneyslan er veigamesti þáttur landsframleiðslunnar. Fjárfesting jókst um 1,4%, samneysla um 0,5%, útflutningur um 5,4% og innflutningur um 2%. Þetta eru sannarlega ánægjuleg umskipti í efnahagslífinu en þó er ljóst að fjárfesting er enn allt of lítil og líklegt að mikill vöxtur einkaneyslu sé ekki sjálfbær. Athyglisvert er að endurskoðaðar tölur fyrir fyrri hluta ársins benda til að vöxtur hafi verið talsvert meiri en fyrri tölur gáfu tilefni til.


### Óvissa ríkir um einkaneyslu

Helsti drifkraftur hagvaxtarins er einkaneysla sem er um helmingur landsframleiðslunnar. Sú neysluaukning, sem nú kemur fram, er sannarlega ánægjuleg tíðindi en ástæða er til að hugleiða hvort sú aukning sé einungis tímabundin og geti jafnvel gengið til baka. Á árinu hafa margvíslegar greiðslur runnið til almennings en þær verða að teljast til tímabundinna greiðslna. Útgreiðsla á séreignasparnaði nemur líklega um 15 milljörðum króna eftir skatt, sérstök vaxtaniðurgreiðsla nemur 6 milljörðum og eingreiðsla kjarasamninga nemur milljörðum auk hárra fjárhæða í endurgreiðslu á lánum og vaxtaendurgreiðslu. Lauslegt mat gefur til kynna að þær greiðslur geti numið hærri fjárhæðum en sem nemur raunverulegri aukningu einkaneyslu. Undirliggjandi einkaneysla sé jafnvel að dragast saman ef horft er framhjá þessum þáttum. Einkaneyslan á þessu ári byggist því bæði á opinberum stuðningi og því að almenningur gengur á sparnað sinn. Að nokkru leyti mun þessara þátta gæta á næsta ári en í talsvert minna mæli. Því er eðlilegt að spyrja hvaða þættir eigi að drífa einkaneyslu og þar með hagvöxt á næsta ári. Ekki er hægt að ganga endalaust á sparnað og óvíst er hversu fús almenningur er til að skuldsetja sig til að fjármagna einkaneyslu sína. Það eina, sem getur knúið sjálfbæra einkaneyslu, er raunveruleg kaupmáttaraukning sem byggist á aukinni verðmætasköpun í hagkerfinu. Því miður eru fá teikn á lofti um slíkt enda er fjárfesting enn afar lítil í sögulegu samhengi.


### Fjárfesting enn lítil

Undanfarna áratugi hefur vægi fjárfestingar, sem hlutfalls af landsframleiðslu, verið um og yfir 20%. Á árunum 2004-2008 var hlutfallið 35%. Leiða má að því líkur að sé fjárfesting undir 20% af landsframleiðslu geti framleiðslugeta hagkerfisins hreinlega dregist saman þar sem fjárfesting sé í raun meiri en sem nemur afskriftum. Þrátt fyrir hagvöxt á árinu er fjárfesting nú aðeins um 14% af landsframleiðslu. Horfur eru á nokkrum

Vísitala landsframleiðslu 2004-2011  
1F 2004 = 100



Hagvöxtur 2004-2011  
ársbreyting landsframleiðslu í %



vexti fjárfestingar á næsta ári eða á bilinu 15-23%. Sá vöxtur mun ekki duga til að hækka fjárfestingastigið nægilega mikið enda var það orðið afar lágt í krónutölum og því þarf mjög miklar prósentuhækkanir til að ná því stigi. Ennfremur er sterkt samband milli atvinnustigs og fjárfestingar og langtímasamband þar á milli gefur til kynna að hækkan fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu um eitt prósentustig minnki atvinnuleysi um hálf prósentustig. Af því verður dregin sú ályktun að ein forsenda þess að hægt sé að draga úr atvinnuleysi með markvissum hætti sé að fjárfesting aukist verulega.

Hvað utanríkisviðskipti varðar jókst útflutningur um 69 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins eða um 3,2% að raunvirði. Innflutningur jókst nánast um sömu fjárhæð þannig að hrein áhrif utanríkisviðskipta á hagvöxt eru sáralítill. Raunar var meiri vöxtur í innflutningi en útflutningi. Á það hefur verið bent að aukinn útflutning má rekja til rúmlega 13 milljarða króna vegna útflutnings á makríl en ef aukinna makrílveiða hefði ekki notið við hefði aukning útflutnings verið rúmlega 1% að raunvirði en ekki rúmlega 3%. Hagvöxturinn hefði orðið 2,5% en ekki 3,7%, samkvæmt þessum tölum. Geta þjóðarbúsins til útflutnings er að talsverðu leyti föst vegna takmarkana í stóriðju og sjávarútvegi. Ekki er mikill vöxtur fyrirsjáanlegur í útflutningi nema fjárfestingar aukist verulega.

# Efnahagsframvindan 2011

Þegar staða hagkerfisins er metin er einkum litið til verðmætis framleiðslu, veltu og útflutnings. Á þessu ári hefur framleiðsla sannarlega aukist nokkuð enda mælist hagvöxtur nú 3,7% sem eitt og sér er gleðiefni. En sú þróun er ekki endilega vísbending um að skilyrði þeirra sem eiga og reka fyrirtæki fari batnandi. Ný könnun, sem Capacent gerði fyrir fjármálaráðuneytið, Seðlabankann og Samtök atvinnulífsins hjá 400 stærstu fyrirtækjum landsins um stöðu og horfur, leiðir í ljós að 72% stjórnenda telja aðstæður í efnahagslífinu slæmar en aðeins 1,8% að þær séu góðar. Fjórðungur aðspurðra telur að eftir 6 mánuði verði aðstæður verri en nú og tæplega 60% að þær verði óbreyttar. Hagnaður 72,4% þessara fyrirtækja á þessu ári verður minni eða svipaður og í fyrra. En þetta rímar afar illa við þá staðreynd að hagvöxtur er nú kominn upp í 3,7%, störfum er að fjölga, atvinnuleysi að minnka, metfjöldi ferðamanna kemur til landsins og afgangur af viðskiptum við útlönd er stöðugur. Hvernig má þetta vera?

Svarið fæst með því að greina starfsskilyrði og þann kostnað og kröfur sem blasir við atvinnurekendum. Allur kostnaður, hvort sem litið er til launakostnaðar, rekstrarkostnaðar, eftirlitskostnaðar, fjármagnskostnaðar eða skatta, er afar hár. Gjald-eyrishöft og óvissa um fyrirkomulag peningamála hjálpa ekki til. Loks má nefna mikla efnahagslega- og pólitíska óvissu bæði hér á landi og á meginlandi Evrópu en sú óvissa hefur mikil áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

## Fjármálaskilyrðin erfið

Lítill fjárfesting er eitt stærsta áhyggjuefnið í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Ein veigamikil skýringin er sú hversu hægt hefur gengið í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja. Að mati bankanna eru flest slík mál enn á lokastigi og nú hafa dómstólar líklega úrskurðað um flest veigamestu úrlausnarefni. Þannig ættu bæði fjármálastofnanir og viðskiptavinir þeirra að hafa smám saman öðlast meiri vissu um stöðu sína og getu til fjárfestinga. Hins vegar ríkir enn nokkuð víðtæk áhættufælni og þau fyrirtæki, sem hafa sótt sér fjármögnun til bankanna, standa frammi fyrir stífum kröfum og miklum kostnaði. Líklegt er að háar eiginfjár- og lausafjárkröfur sem gerðar eru til bankanna séu ein helsta ástæða þessa og valdi því að þörf þeirra fyrir mikinn vaxtamun á almennum útlánum vex. Fyrir vikið sér atvinnulífið fram á mikinn fjármagnskostnað og fjárfesting í efnahagslífinu verður alltof lítil.

## Launakostnaður hefur hækkað umfram laun

Frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2009 fram á mitt þetta ár hefur heildarlaunakostnaður fyrirtækja í iðnaði hækkað um 21% en um 15,7% í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Á sama tíma-bili hækkuðu launin sjálf um 13,4% í iðnaði og um 6% í byggingariðnaði. Munurinn skýrist einkum af hækkun tryggingagjalds. Nafnlaunahækkunar hafa einnig verið mjög ríflegar og í litlu samræmi við vöxt framleiðslunnar. Þessi þróun hefur einkum reynst erfið fyrirtækjum, sem starfa eingöngu á innanlandsmarkaði, en lágt raungengi auðveldar fyrirtækjum í útflutningi að ráða við slíkar hækkunar. Snemma á næsta ári hækka laun aftur um 3,5% en smávægileg lækking verður á tryggingagjaldi á móti. Ljóst er að þessar hækkunar munu



Bjarni Már Gylfason,  
hagfræðingur SI

reyna verulega á rekstur flestra fyrirtækja. Ekki eru horfur á að tryggingagjald verði hækkað enda líklegt að atvinnuleysi verði áfram mikið. Ríflegar launahækkunar í skugga kreppu og mikils atvinnuleysis eru í mótsögn við þá staðreynd að fjölmörg fyrirtæki í ólíkum greinum sjá fram á skort á réttu starfsfólki. Líklegt er að það stafi m.a. af samspila launa og bóta og brottfór sérhæfðs starfsfólks úr landi.

## Skattar íþyngjandi

Þrjú ár eru liðin frá efnahagshruni og síðan þá hafa margvíslegir skattar og gjöld hækkað ótt og títt. Það getur tekið langan tíma að full áhrif skattbreytinga komi fram. Fyrirtæki breyta framleiðslu sinni og neytendur neyslu en það tekur tíma. Fyrirtækin eru enn að fóta sig í breyttu skattaumhverfi en óhætt er að fullyrða að hækkun skatta getur aldrei orðið til þess að auka neyslu eða framleiðslu. Mikilvægi þess að ná jöfnuði í ríkisfjármálum er óumdeilt og er raunar ein af forsendum endurreisnar íslensks efnahagslífs en tekjur og gjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu er afar hátt hér á landi og því liggur beinast við að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og stuðla að hagkvæmari ráðstöfun á opinberu fé. Í alþjóðlegum samanburði eru skattar hér jafnframt mjög háir og stöðugleiki í skattkerfinu lítill. Þessi niðurstaða hlýtur að ríma við þá skoðun þeirra, sem reka fyrirtækin, að aðstæður í efnahagslífinu hér sé ekki nógu góðar.

Í stuttu máli má segja að nánast allir þættir, sem snúa að aðföngum og kostnaði fyrirtækja, hafi hækkað mun meira en sem nemur framleiðsluaukningu hagkerfisins. Þetta skýrir öðru fremur þá staðreynd að fyrirtækjastjórnendur telja aðstæður í efnahagslífinu slæmar jafnvel þótt hagvöxtur sé umtalsverður. Góðu fréttirnar í þessu öllu eru þær að þrátt fyrir afar erfiðar aðstæður, bæði heima fyrir og á erlendum mörkuðum, þá er heildarframleiðslan að aukast. Fátt bendir hins vegar til að afkoma fyrirtækja sé að batna að sama skapi.

# Vinumarkaðurinn er að braggast

Hagvöxtur á þessu ári hefur verið þökkalegur og mælist nú um 3,7%. Íslenska hagkerfið hefur raunar verið í hægfara bata frá árslokum 2009 en þrátt fyrir það hefur atvinnuleysi ekki minnkað í nógu góðu samræmi miðað við þann bata. Atvinnuleysi mælist nú 6,8%, samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar og tæplega 11.000 manns eru á atvinnuleysisrá. Atvinnulausir hafa flestir orðið um 15.000. Samkvæmt vinnu- markaðsskönnun Hagstofunnar voru 10.700 án vinnu og hlutfallið 5,9%. Munurinn skýrist af nokkuð ólíkri aðferðafræði auk þess sem nokkur hópur fólks getur verið án atvinnu en hefur ekki bótarétt.

Meðal þeirra, sem eru atvinnulausir, hafa 50% aðeins lokið grunnskólanámi, 12% eru iðnmenntaðir, 11% með stúdentspróf, 9% með margvíslegt framhaldsnám og 17% með háskóla- próf. Karlar eru 52% atvinnulausra og hefur atvinnuleysi meðal þeirra minnkað mun meira en meðal atvinnulausra kvenna síðustu tvö árin.

Nokkrar þversagnir einkenna stöðuna á vinnumarkaði um þessar mundir. Á sama tíma og atvinnuleysi er mikið eiga fyrirtæki í flestum greinum iðnaðarins í nokkrum vandræðum með að ráða til sín hæft fólk til vinnu. Þetta hefur verið áberandi í tækni- og hugverkiðnaði en á ekki síður við um störf ófaglærðs fólks í mörgum greinum.

Vísbendingar eru uppi um að svokallað jafnvægisatvinnuleysi geti verið að aukast nokkuð hér á landi. Með því er átt við

Vinumarkaður á 3. ársfjórðungi hvers árs

	Atvinnu- þáttaka í %	Atvinnu- leysi í %	Vinnuafli	Starfandi	fjöldi atvinnu- lausra
2006	84,2	2,6	177.900	173.300	4.600
2007	84,1	2,1	184.700	180.900	3.800
2008	83,8	2,5	188.500	183.800	4.800
2009	82,1	6	182.500	171.500	10.900
2010	81,4	6,4	181.900	170.200	11.700
2011	81	5,9	182.500	171.800	10.700

Heimild: Hagstofa Íslands

atvinnuleysisstig sem varir þótt gott jafnvægi sé í hagkerfinu. Nokkrar skýringar kunna að vera á þeirri þróun: Í fyrsta lagi var kreppan mjög kröpp og nokkuð stór hópur fólks hefur verið atvinnulaus mjög lengi. Vegna langvarandi atvinnuleysis eiga margir erfitt með að snúa aftur til vinnu. Hækkandi jaðarskattar hafa líka áhrif og ljóst er að skattkerfið hvetur fólk ekki nægjanlega til vinnu. Loks hefur samspil launa og fjárhæðar bóta oft verið nefnt í þessu samhengi, þ.e. að munur á lægstu launum og bótum sé of lítill og hvati til að komast í vinnu því ekki nægur. Hver svo sem skýringin er þá er ljóst að mikið átak þarf til að koma atvinnulausum til vinnu. Snemma á næsta ári stefna stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins að því hrinda slíku átaki í verk í samræmi við niðurstöðu kjarasamninga sem gerðir voru síðastliðið vor.

## Húsnæðismarkaður að taka við sér

Þróun á húsnæðismarkaði ber þess skýr merki að hann sé að lifna við. Markaðsverð á húsnæði þokast nú upp á við, kaupsamningum fjölga og nokkurt líf er að færast í nýbyggingar eftir gríðarlegan samdrátt allt frá árslokum 2007. Í nóvember síðastliðnum var mesta velta á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu frá hruni bankanna og alls var 475 kaupsamningum þinglýst. Þeir hafa aldrei verið fleiri frá því í desember árið 2007.


Aukningin frá árinu á undan er um 70%. Heildarveltan á fasteignamarkaði í nóvember nam 14,6 milljónum króna en svo mikil hefur veltan ekki orðið í krónum talið síðan í febrúar 2008. Fyrstu 11 mánuði ársins hefur kaupsamningum fjölgað um 60% en þrátt fyrir það er markaðurinn mun minni en var þegar fasteignabólan stóð sem hæst árið 2007.

Vöxtur í nýbyggingum er ekki jafn mikill en hann er af ýmsum ástæðum erfiðara að mæla. Hagstofan birtir einu sinni ári upplýsingar um fjölda íbúða sem byrjað er að byggja. Árið 2010 var byrjað að byggja 317 íbúðir en á árunum 2005-2008 voru þær 3.200-4.400. Að mati Samtaka iðnaðarins er árleg meðalþörf á bilinu 1.200-1.500 íbúðir til að fullnægja eðlilegri endurnýjun á húsnæði. Því er ljóst að fáar nýbyggingar sl. tvö til þrjú ár skýra að nokkru leyti aukin umsvif á húsnæðismarkaði, þ.e. aukin almenn húsnæðisþörf. Tölur í þjóðhagsreikningum um fjárfestingar í íbúðarhúsnæði sýna að þær eru teknar að vaxa á ný en á fjórða ársfjórðungi

2010 mældist fyrsta aukningin. Á þessu ári mælist ársbreyting nýfjárfestingar um 11% og spár gera ráð fyrir talsverðri breytingu til hins betra á næsta ári eða allt að 25%. Sú aukning dugar þó ekki til að koma fjölda ábyrjaðra íbúða upp.

Önnur skýring á umskiptum á fasteignamarkaði felst í því að efnahagslífið er nokkuð að taka við sér og fjárhagur heimila hefur batnað. Þá hefur fasteignaverð hækkað nokkuð eða um 9% á þessu ári.

Verðþróun húsnæðis 2006-2011




Heimild: Hagstofa Íslands

# Raugengi krónunnar enn lágt

Raugengi krónunnar er mælikvarði á kaupmátt innlendar framleiðslu og er hlutfall milli verðlags á Íslandi og annars staðar. Hátt raugengi þýðir að innlent verðlag er hátt miðað við verðlag í útlöndum. Þá er samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina slæm. Eftir að gengi krónunnar féll árið 2008 lækkaði raugengi krónunnar mikið og samkeppnisstaða útflutningsgreina batnaði að sama skapi.

Raugengi krónunnar er nú 76,2 stig á þennan mælikvarða en einnig er hægt að skoða hann á mælikvarða launa. Raugengið nú er aðeins nokkru lægra en það var um síðustu áramót eða sem nemur 1,2%. Þótt raugengið hafi verið að þokast upp á við eftir að hafa hrífðallið í kjölfar kreppunnar, hefur það gerst afar hægt og er enn langt undir langtíma-meðaltali sínu, eða sem nemur um 22%. Þegar mest var fór raugengið 30% undir langtímameðaltalið og er því hægt og sígandi að fíkra sig upp á við eins og sagan kennir okkur að muni gerast.

Sú þróun er að mestu í takti við önnur ríki sem gengið hafa í gegnum jafn djúpa



kreppu og við, þ.e. að raugengi lækki mikið og haldist lágt í nokkuð langan tíma. Þótt raugengið hafi lítið breyst á þessu ári má búast við að það muni á næstu árum þokast upp á við á ný. Það getur gerst með tvennum hætti: að nafngengi krónunnar hækki eða verð-

bólga á Íslandi verði meiri en í samkeppnislöndum okkar. Sagan kennir okkur að hið síðarnefnda er mun líklegra en gengisstyrking er hins vegar mun æskilegri og heilbrigðari leið í efnahagslegu tilliti.

# Hagfeld framleiðsluverðsþróun

Vísitala framleiðsluverðs er mælikvarði á það verð sem framleiðendur vöru og þjónustu fá fyrir afurðir sínar. Vísitalan er þannig mikilvægur mælikvarði á þróun og starfsskilyrði iðnaðarins og

annarra greina. Þróun framleiðsluverðs undanfarin ár hefur verið afar mismunandi eftir greinum og eðli starfseminnar. Fyrirtæki í útflutningi hafa notið góðs af veikingu á gengi krónunnar en þau

standa frammi fyrir miklum sveiflum á afurðaverði, einkum stóriðjan. Fyrirtæki á innanlandsmarkaði hafa hins vegar liðið fyrir veika eftirspurn á vörum vegna efnahagskreppunnar en samkeppnisstaða innlendra framleiðenda gagnvart innflutningi er hins vegar góð. Þannig hefur matvælaíðnaðurinn t.d. þróast með hagfeldum hætti í gegnum efnahagssamdráttinn.

Síðastliðna 12 mánuði hefur almenn vísitala framleiðsluverðs hækkað um 12,8%. Verð sjávarafurða hefur hækkað um 16,3%, stóriðjuafurða um 10,4%, matvæla um 8% og annars iðnaðar um 14,6%. Ef tölur eru rýndar eftir því hvort um er að ræða innflutning eða útflutning sést að afurðir, sem seldar eru á innlendum markaði, hafa hækkað í verði um 7,8% en útfluttar afurðir um 14,1%. Aðrar afurðir en þær sem tengjast stóriðju og sjávarútvegi hafa hins vegar hækkað um 26,7% undanfarna 12 mánuði.

